

**Nd.**

## **78. Frumvarp til laga**

um einkaleyfi bæjarstjórna og hreppsnefnda til skipaafgreiðslu.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Þóroddur Guðmundsson.

### **1. gr.**

Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum er heimilt að taka í sínar hendur alla skipaafgreiðslu í kaupstöðum eða kauptúnum, og er þá engum öðrum heimilt að annast þau störf.

### **2. gr.**

Nú hefur bæjarstjórn eða hreppsnefnd notfært sér heimild 1. gr., og skulu þá uppskipunar- og framskipunargjöld ákveðin með sérstakri gjaldskrá, er atvinnu- málaráðherra staðfestir.

### **3. gr.**

Nú tekur bæjarstjórn eða hreppsnefnd skipaafgreiðslu í sínar hendur, en samningar takast ekki um kaup á pakkhúsum þeim, sem afgreiðslunum hafa fylgt, eða öðrum áhöldum, og geta þá bæjarstjórnir eða hreppsnefndir tekið eignir þessar eignarnámi.

### **4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og geta þá bæjarstjórnir og hreppsnefndir með 3 mánaða fyrirvara, hvenær sem er, tekið skipaafgreiðslu í sínar hendur.

## **Greinargerð.**

Með frumv. þessu er ætlað til, að sem víðast í landinu taki bæjarstjórnir og hreppsnefndir við allri skipaafgreiðslu í landinu. Eins og nú er, er skipaafgreiðsla í höndum einstaklinga eða verzlunarfélaga, sem reka hana með það fyrir augum að hagnast á henni. Eðli þessa starfs er það, að það veitir þeim, sem hefur það, aðstöðu til þess að skattleggja eða öllu heldur innheimta toll af öllum varningi, sem fluttur er til og frá staðnum. Uppskipunar- og framskipunargjaldskrár skipaafgreiðslunnanna eru gjöld, sem enginn hefur aðstöðu til þess að fylgjast með. Með þessum gjöldum geta þeir, sem skipaafgreiðsluna annast, dregið sér stórfé, sem aftur verður til þess að auka dýrtíðina. Viða um landið eru gjöldin til skipaafgreiðslunnanna svo há, að þær veita stórfelldar tekjur.

Tilgangur þessa frv. er sá fyrst og fremst að lækka útgjöldin til skipaafgreiðslunnanna, gera hana ódýrari og minnka þar með dýrtíðina. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd mundi að sjálfsögðu reka skipaafgreiðslurnar með hag íbúanna fyrir augum, en til enn frekari tryggingar er það skilyrði sett inn, að afgreiðslutaxtarnir verði staðfestir af stjórnarráðinu.

Nánar í framsögu.